

Fjórtándi fundur haldinn í Breiðabliki 30. nóvember 2021 kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Herdís Þórðardóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Tillaga um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar. Skilabréf og álit samstarfsnefndar. Fyrri umræða.
Í ágúst 2021 samþykktu sveitarstjórnir Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samstarfsnefnd hefur skilað álit sínu til sveitarstjórna með skilabréfi dags. 26. nóvember og greinargerðinni *Snæfellingar-stöðugreining og forsendur* dags. 26. nóvember 2021.

Samstarfsnefndin hefur komið saman á 10 bókuðum fundum. Eggert Kjartansson oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps var kjörin formaður nefndarinnar. Samstarfsnefnd átti samráð við íbúa og starfsfólk sveitarfélaganna við undirbúning og vinnslu verkefnisins. Birtar voru upplýsingar á vinnslustigi á vefsíðunni snæfellingar.is og sjónarmiða íbúa leitað á íbúafundi. Tillaga samstarfsnefndar er m.a. byggð á hugmyndum og ábendingum sem komu fram í því samráðsferli.

Það er álit samstarfsnefndar að sameining Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar muni skapa forsendur til að byggja upp öflugt skólastarf og styrkja samfélagið á sunnanverðu Snæfellsnesi. Að mati nefndarinnar skapar sameining sveitarfélaganna forsendur til að samfélagið í dreifbýlinu verði sterkara í frekari sameiningarviðræðum framtíðarinnar. Í því ljósi hvetur nefndin íbúa til að samþykkja tillögu um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar.

Lagt er til að atkvæðagreiðsla fari fram laugardaginn 12. febrúar 2022 í báðum sveitarfélögum. Jafnframt leggur nefndin til að samstarfsnefnd verði falið að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt, fundislitið kl. 21:21

Herdís Þórðardóttir (sign)
Halldór Jónsson (sign)
Gísli Guðmundsson (sign)
Atli Sveinn Svansson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)

